

3. gr.

Eftirlitsgjöld eru tryggð með lögveðsrétti í eftirlitsskyldum tækjum í 2 ár eftir gjalddaga.

4. gr.

Fyrir hverja mælingu á geislavirkni skal stofnunin innheimta gjald, allt að upphæð kr. 10.000. Fyrir hvert vottorð sem stofnunin lætur í té, skal innheimta kr. 2.000.

5. gr.

Fyrir sólarlampa sem stofnunin skoðar, skal greitt gjald, kr. 25.000. Skoðunargjald skal fylgja með umsókn um leyfi til innflutnings.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er að fengnum tillögum stjórnar Geislavarna ríkisins staðfestist hér með til þess að gilda á árinu 1996.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 4. mars 1996.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Hrefna Sigurðardóttir.

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á frjóeggjum og mysudufti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og IV A, við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr/kg
<i>Tollnúmer:</i>					
0407.0000	Frjóegg (af tegund Gallus domesticus)	15.03.-31.12.96	ótilgr.	0	77
0404.9000	Annað (mysuduft)	15.03.-31.12.96	ótilgr.	0	5

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Við innflutning á frjóeggjum (0407-0000) skal gætt ákvæða laga nr. 54/1990 um innflutning dýra.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og óðlast gildi 15. mars og gildir til 31. desember 1996.

Landbúnaðarráðuneytinu, 7. mars 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

Nr. 149

REGLUGERÐ

7. mars 1996

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III B og IV B, við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr/kg
0702.0002	Tómatar, nýir eða kældir	15.03.-31.03.	ótilgr.	15	99
0702.0002	Tómatar, nýir eða kældir	01.04.-15.04	ótilgr.	22,5	148
0703.9001	Blaðlaukur	15.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0704.1000	Blómkál	15.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0704.2000	Rósakál	15.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0704.9002	Rauðkál	15.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0704.9003	Kínakál	15.03.-23.06.	ótilgr.	30	0
0704.9004	Spergilkál	15.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0704.9005	Fóðurmergskál	15.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0704.9009	Annað	15.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0705.1112	Jöklasalat	15.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0705.1199	Annað (salat)	15.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0705.1900	Annað	15.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0705.2100	Kaffifífilslöð	15.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0705.2900	Annað	15.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0706.1000	Gulrætur og næpur	15.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0706.9000	Annað	25.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0707.0021	Gúrkur	15.03.-22.03.	ótilgr.	15	99
0707.0021	Gúrkur	22.03.-31.03	ótilgr.	22,5	148